


Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Sampykkt: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Síða 1-		

**Tegund fundar:** Skólanefndarfundur

**Fundarritari:** Guðmundur Arnlaugsson

**Dagsetning:** 10.06.2026

**Fundarstjóri:** Helga Jóhannsdóttir

**Tími:** kl. 16:30 – 17:30

**Mætt:** **Fundinn sátu:** Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Jóna Diljá Jóhannsdóttir (fyrir Arnór), Ásta Guðrún Helgadóttir, Þorvaldur Danielsson, Katrín M. Guðjónsdóttir, Halldór Gauti Tryggvason nýr forseti NFMH og Lilja Helgadóttir fyrir foreldraráð.

**Tílefni:** Reglulegur fundur skólanefndar


**Forföll** Óboðuð: Jóhanna Guðrún

#### Fundarefni :

- Helga fer yfir hagræðingaraðgerðir sem skólinn hefur ráðist í og hugmyndir að frekari hagræðingu, sem hafa verið ræddar. Nú þegar hefur starfsfólki verið sagt upp og ekki verið ráðið í stöður sem losna þegar fólk hefur farið á eftirlaun. Fagstjórastöðum fækka frá og með næstu haustönn og hlutastöður, svo sem prófstjórn, tækjavarsla og töflugerð verið færðar yfir til annars starfsfólks og ekki lengur greitt fyrir þær sérstaklega. Stofnanasamningur skólans var endurskoðaður nú í vor með einföldun, gagnsæi og hagræðingu að markmiði. Fylgst er vel með hópastærðum og reynt að ráða inn nýja kennara í stað þess að auka yfirvinnu. Þá hefur kínverskukennslu verið hætt í MH og framboð á japönskuáföngum verður skert frá og með næsta hausti til þess að beina nemendum frekar í önnur tungumál sem eiga undir högg að sækja. Allar þessar aðgerðir eru sérstaklega grátlegar í ljósi þess að skólinn fær ekki fjárframlög til samræmis við raunveruleg nemendaígildi. Ef skólinn fengi fjárframlög í samræmi við þau væri hann rekinn með afgangi.
- Næst kynnti Helga breytingar á gjaldskrá skólans. Efnisgjald nemenda í almennu námi hækka í fyrsta sinn í manna minnum, úr 6000 í 9000 kr. á önn, og efnisgjöld IB nemenda munu einnig hækka. Eins verður gjald fyrir máltíðir í mótuneyti starfsfólks hækkað, sem og leiguverð á íþróttasölunum. Þá verður tekið upp 5000 kr. matsgjald fyrir nemendur sem koma úr námi frá öðrum skólum, en það gjald er í samræmi við það sem aðrir skólar rukka.
- Þá fór Helga yfir starfsmannahópin og breytingar á honum Fjölmargir nýir kennarar bætast við hópinn næsta haust, ýmist í full störf eða minni stöðugildi. Auk þess var auglýst eftir nýjum félagsmálafulltrúa og rennur umsóknarfrestur um það starf út í næstu viku.
- Guðmundur fór að lokum yfir stöðuna í innritun nemenda. Alls bárust um 100 umsóknir eldri nemenda um skólavist og fékk tæpur fjórðungur jákvætt svar. Um 800 umsóknir bárust frá nemendum sem voru að klára grunnskóla, þar af rétt rúmlega 340 umsóknir í fyrsta vali. Þetta er þó nokkur aukning síðan í fyrra þegar um 750 umsóknir bárust og rétt rúmlega 300 í fyrsta val. – Beðið var um yfirlit um stöðuna eftir að inntöku verður lokið og mun Guðmundur senda nefndarfólki minnisblað með helstu atriðum þegar lokastaðan verður skýr.

Fundi slitið kl. 17:30

**Veitingar :** Makkarónur, melónur og epli.

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 2-		

**Meðlimir í skólanefnd:**

**Án tilnefningar:**

**Aðalmenn án tilnefningar:**

- Arnór Heiðar Benónýsson, 070597-2259, [arnorben@gmail.com](mailto:arnorben@gmail.com)
- Ásta Guðrún Helgadóttir, kt. 050290-2129, [asta@helgadottir.is](mailto:asta@helgadottir.is)
- Sunna Mjöll Sverrisdóttir, kt. 131292-2609, [sunnasv@gmail.com](mailto:sunnasv@gmail.com)

Varamenn án tilnefningar:

- Jóhann Pétur Jóhannsson, kt. 111194-2549, [johannpjohanns@gmail.com](mailto:johannpjohanns@gmail.com)
- Jóna Diljá Jóhannsdóttir, kt. 231195-2629, [jdiljajohanns@gmail.com](mailto:jdiljajohanns@gmail.com)

**Tilnefning Reykjavíkurborgar:**

Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar:

- Katrín M. Guðjónsdóttir, kt. 160274-5149, [katrin@manino.is](mailto:katrin@manino.is)
- Þorvaldur Daníelsson, kt. 241170-4979, [thorvaldur.danielsson@reykjavik.is](mailto:thorvaldur.danielsson@reykjavik.is)

Varamenn samkvæmt tilnefningu Reykjavíkurborgar:

- Olga Margrét Kristínardóttir, kt. 280286-2229, [olgamargret@gmail.com](mailto:olgamargret@gmail.com)
- Stefán Pálsson, kt. 080475-3659, [stefan.palsson@reykjavik.is](mailto:stefan.palsson@reykjavik.is)

**5. gr. Skólanefndir.**

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Hlutverk skólanefndar er að:

- marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
- staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
- vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.